

Hluthafastefna Eftirlaunasjóðs FÍA

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þannig er meginmarkmið sjóðsins að varðveita og ávaxta fé sjóðfélaga á eins hagkvæman hátt og kostur er og leitast þannig við að hámarka ávöxtun miðað við áhættu.

Hluthafastefna þessi markar stefnu og stjórnarhætti EFÍA sem hluthafi í þeim innlendum félögum sem hann fjárfestir í og ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga og aðra hluthafa ásamt því að stuðla að auknu gagnsæi og trúverðugleika á markaði. Varðandi stefnu sjóðsins í umhverfis- og félagsmálum vísast til stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum.

Eftirlaunasjóður FÍA leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhluti í eigi í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins. Þannig styður sjóðurinn til að mynda ekki framboð stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja félaga á samkeppnismarkaði.

Hluthafafundir

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi þeirra innlendu félaga sem hann er hluthafi í, sér í lagi skráðra félaga. Sérstök valnefnd sjóðsins, skipuð stjórnarformanni og tveimur stjórnarmönnum er falið umboð stjórnar til að fara yfir tillögur sem lagðar eru fyrir hluthafafundi félaga og meta þær með tilliti til stefnu þessarar og hagsmuni sjóðsins. Niðurstöður valnefndar um ráðstöfun atkvæða er komið til framkvæmdastjóra sem fer að jafnaði með atkvæðisrétt sjóðsins í umboði stjórnar á hluthafafundum félaga. Framkvæmdastjóri hefur þó heimild til að veita öðrum umboð til að fara með atkvæðisréttinn í sinn stað.

Upplýsingar um ráðstöfun atkvæða á sjóðsins á hluthafafundum verða gerðar aðgengilegar á vef sjóðsins.

Val og kröfur til stjórnarmanna

Almennt leitast EFÍA ekki eftir því að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja. Í þeim tilfellum sem ekki er sjálfkjörið til stjórnar tekur framkvæmdastjóri saman ákvörðun valnefndar um ráðstöfun atkvæða sjóðsins. Að jafnaði taka stjórnarmenn EFÍA ekki sæti í stjórnnum skráðra félaga í umboði sjóðsins.

EFÍA gerir kröfu um að stjórnarmenn félaga sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og í samræmi við góða stjórnarhætti. Það er álit sjóðsins að stjórnarmenn eigi að vera sjálfstæðir í störfum sínum og beri hagsmuni þess félags sem þeir eru kosnir til að starfa fyrir umfram aðra hagsmuni.

Sjóðurinn leggur áherslu á að stjórnir félaga sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gæti að því að jafnvægi sé á milli langtímahagsmuna félagsins og að hámarka virði þess.

Starfskjör

Gerð er krafa um að starfskjarastefna félaga þar sem EFÍA fer með eignarhlut uppfylli hlutafélagalög og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á. Við ákvarðanir um starfskjör stjórna félaga skal meðal annars líta til stærðar og umfangs félagsins og þess markaðar sem félagið starfar á. Árangurstengdar greiðslur og valréttir stjórnenda og starfsmanna þurfa að vera skýrt afmarkaðir og fara saman við langtímahagsmuni hluthafa félagsins.

STU
TK
GSL

Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

EFÍA hefur almennt ekki bein afskipti af störfum einstakra stjórnarmanna eftir að þeir hafa verið kosnir í stjórn þeirra félaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Ef sjóðurinn þarf að eiga samskipti við stjórn eða stjórnendur skráðs félags fyrir hönd sjóðsins skal þess gætt að slík samskipti séu í samræmi verklagsreglur viðkomandi félags, ákvæði samkeppnislaga og reglur um innherjaupplýsinga.

Telji sjóðurinn ástæðu til að gera athugasemdir við verklag félags sem fellur undir stefnu þessa mun hann koma ábendingum þess efnis á framfæri. Sé ekki brugðist við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni eftir fyrirtilgreindum samskiptaleiðum.

Samþykkt á stjórnarfundum EFÍA 25. apríl 2018

Sturka Ómarsson
Kristín B. Þórtimóðsdóttir
Boyi Þorgeirsson
G. Ágústsson
Ólafur Þ. Finnsson.